



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**593. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 16. desember 2024
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Einar Þorsteinsson formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfél.á hbsv. - 2409007

Áframhaldandi umræður frá 593. fundi stjórnar. Uppfærsla Samgöngusáttmálans og samhliða samkomulag um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald hafa nú verið staðfest á vettvangi allra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Vinna við undirbúning stofnunar nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu hefur staðið yfir á vettvangi stýrihóps ríkis og sveitarfélaga. Tillögur stýrihópsins hafa verið sendar sveitarfélögunum til kynningar til samræmis við ákvörðun 592. fundar og hafa sérstakar kynningar átt sér stað í fimm af sex byggðaráðum. Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins og fyrirhugaða tilhögun við næstu skref verkefnisins.

Þá eru lögð fram til samþykktar drög að samningi SSH og innviðaráðuneytisins við Expectus ráðgjöf ehf. um aðstoð við innleiðingu á breyttu rekstrarfyrirkomulagi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að hið óstofnaða félag greiði kostnað sem til kemur á grundvelli samningsins. Verði töf á því að hið nýja félag taki til starfa mun SSH innheimta kostnað SSH við samninginn hjá sveitarfélögunum.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra er falið að uppfæra framlögð drög að samningi við Expectus ráðgjöf ehf. til samræmis við umræður fundarins. Samningurinn svo breyttur og greiðslutilhögun vegna hans eru samþykkt.

2. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Fyrirliggjandi ákvörðun ESA í máli nr. 81738 var send SSH með tölvupósti dags. 21. nóvember sl. Fyrir liggur minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur dags. 13. desember 2024 um næstu skref málsins.

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram til kynningar

3. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 130. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn var 25. október 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 131. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn var 8. nóvember 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 132. fundar svæðisskipulagsnefndar sem haldinn var 6. desember 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

4. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 48. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 24. október 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:45.